



Engjaskóli

Samantekt um innra mat fyrir skólaárið 2025-2026

Efnisyfirlit

- Kafli 1 Innra mat skólans	3
- Kafli 2 Langtímaáætlun	4
- Kafli 3 Áætlun fyrir skólaárið	7
- Kafli 4 Greinargerð um innra mat	10
- Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf	11
- Kafli 4.2 Gæði kennslu	12
- Kafli 4.3 Námsárangur nemenda	13
- Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda	14
- Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks	15
- Kafli 4.6 Viðhorf foreldra	16
- Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans	18
- Kafli 5 Umbótaáætlun	19

Kafli 1 Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir innra mati Engjaskóla. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Tilgangur með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst að meira umbótamiðað það er að greina stöðuna, vinna áætlun um hvað vel er gert og hvað má betur fara og vinna umbótaáætlun í framhaldinu.

Í greinum 35. og 36. í Lögum um grunnskóla frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímiðmiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu um skólastarfið og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum Grunnskólalaga er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólalálds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólaláld í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku/þróunarteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennsku/þróunarteyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og fulltrúi yngra stigs og teymið fundar 3 - 4 sinnum á önn.

Engjaskóli notar vefkerfið [BRAVOLesson](#) til að halda utan um innra matið.

Sjálfsmatið er unnið með hliðsjón af við líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband Íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2012. Líkan þetta er kynnt í bæklinginum Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

„Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkur í þrjá yfirþætti:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat,

Matshópur Engjaskóla skólaárið 2025-2026 samanstóð af öllu starfsfólki skólans. Í stýrihópi um innra mat Engjaskóla voru Álfheiður Einarsdóttir skólastjóri, Hrafnhildur Inga Halldórsdóttir aðstoðarskólastjóri, Olga Hrönn Olgeirsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu og Helga Guðrún Loftsdóttir. Gögn voru rýnd t.d. Skólapúlsinn, gögn frá skólapingi, fundargerðir frá nemendaráði og skólaráði, formskannanir á foreldra og nemendur og umbótaáætlun frá síðasta skólaári. Engjaskóli er þátttakandi í þróunarsamstarfi um innra mat með grunnskólum í Austurlhuta Reykjavíkur. Stuðst er við kerfið BravoLesson til að skrá og halda utan um innra mat Engjaskóla.

Engjaskóli tekur þátt í þróunarverkefni ásamt öllum grunnskólum frá Austurmiðstöð. Þetta er þróunarverkefni um innra mat og umbótastarf. Við höfum fengið styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði Reykjavíkurborgar og heldur stýrihópur utan um verkefnið. Sigrún Harpa er handleiðari verkefnisins. Unnið er eftir Gæðaviðmiðum MMS og kerfið BravoLesson nýtt til að halda utan um innra mat skólans. Skólaárið 2025-2026 var unnið sérstaklega með kafla 1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu, kafla 2.4 Skipulag náms og félagsfærni í menntastefnu Reykjavíkur.

Stjórnendur fara reglulega í vettvangsheimsóknir í kennslustundir og hafa til hliðsjónar gátlista leiðsagnarnáms og gátlista MMS. Rýnt er í þá þætti sem stjórnendur og kennarar hafa tekið ákvörðun um að meta sérstaklega yfir veturinn.

Kafli 2 Langtímaáætlun

Matsáætlun um innra mat

Skólinn vinnur matsáætlun fyrir innra matið þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið grunnskóla

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennsku/þróunarteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fara fram tvisvar sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Akveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og sjá framþróun menntastefnunnar.

Engjaskóli metur skólastarfið út frá gæðaviðmiðum MMS og menntastefna Reykjavíkurborgar og styðst við þá gátlista sem eru í boði. Kvarðarnir eru fimm í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Áhersluþættir skólans eru.

Sameiginleg viðmið skólanna í Austur úr gæðaviðmiðum MMS fyrir skólaárið 2025-2026 eru: Stjórnun og fagleg forysta - kafli 1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu, Nám og kennsla - kafli 2.4 Skipulag náms og félagsfærni í menntastefnu Reykjavíkur.

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkjja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil, lesmál í 2. bekk og Stöðu- og framvindupróf MMS.

Viðhorf og líðan

Viðhorfskannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur í 2. - 7. bekk 2 sinnum á skólaári. Þeir þættir sem eru marktækt yfir meðaltali eru taldir með styrkleikum skólans en þeir þættir sem eru marktækt undir meðaltali fara í umbótaferli, þættir sem eru með 0,4 í frávik. Einnig er skoðað hvernig niðurstöður skólans þróast yfir tíma og gripið til aðgerða ef þurfa þykir. Opin svör eru flokkuð og greind og sett í styrkleika eða umbætur eftir því sem við á.

Viðhorf og líðan starfsfólks metin í gegnum Skólapúlsinn og Viðhorfakönnun Gallups sem Reykjavíkurborg leggur fyrir. Viðhorf foreldra er metið í gegnum foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs og Skólapúlsinn.

Sömu vinnubrögð eru notuð við greiningu á viðhorfskönnun nemenda í Íslensku æskulýðsrannsókninni, viðhorfskönnun til starfsfólks og viðhorfskönnun foreldra.
Matsáætlun skólans

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
1.1 Samvikni í stefnumótun			X		
1.2 Faglegt samstarf og samræða		X			
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	X				
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga			X		
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	X				
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting				X	
1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks					X

Nám og kennsla	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
2.1 Inntak og námskrá		X			
2.2 Árangur náms	X	X	X	X	X
2.3 Gæði kennslu	X	X	X	X	X
2.4 Skipulag náms	X				
2.5 Námsvitund				X	
2.6 Ábyrgð og þátttaka			X		

Innra mat	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
3.1 Skipulag	X		X		X
3.2 Framkvæmd	X	X		X	
3.3 Umbætur	X	X	X	X	X

Námsárangur nemenda	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Lesfimi	X	X	X	X	X
Lesmál í 2. bekk	X	X	X	X	X
Vitnisburður að vori rýndur	X	X	X	X	X
Lesfimi	X	X	X	X	X
Stöðu- og framvindupróf	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Skólalúpsinn nemendur	X	X	X	X	X
Skólalúpsinn starfsmenn	X	X	X	X	X
Skólalúpsinn foreldrar		X		X	
Gallup starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	X	X	X	X	X
Gallup foreldrakönnun Reykjavíkurborgar	X		X		X

Menntastefna og stefna skólans	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni	X				
Sjálfsþing		X			
Læsi			X		
Sköpun					X
Heilbrigði		X	X		
Innleiðing á nýjum viðmiðum úr aðalnámskrá	X				

Kafli 3. Aætlun fyrir skólaárið

Viðfangsefni	Kafli - Þáttur	Markmið	Gagnaöflun - Hvernig metið	Hvenær metið	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	2.4 Skipulag náms	Að skipulag náms geri ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi.	Skólapúlsinn, innlit í kennslustudir, matsfundir hjá innra mats teymi og kennurum. Nemendaviðtöl.	Allt skólaárið	Skólastjórnendur	Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.
Stjórnun og fagleg forysta	1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Að byggja upp jákvæð tengsl við foreldra og skólasamfélagið. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám, vellíðan og farsæld nemenda í skólanum.	Skólapúlsinn, Reykjavíkurborg Gallup könnun, Forms kannanir, skólaráð og foreldrasamráðsfundir.	Allt skólaárið	Skólastjórnendur	Foreldrar taka virkan þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag. Markviss samskipti eru við önnur skólastig, frístundastarf og grenndarsamfélag.
Menntastefna Reykjavíkur	Félagsfærni	Að efla félagsfærni nemenda þannig að þeir sýni ábyrgð, virðingu og jákvæð samskipti í skólasamfélaginu.	Matsfundir...	Allt skólaárið	Skólastjórnendur	Nemendur sýna jákvæð samskipti, virðingu og ábyrgð í daglegu starfi. Dregur úr agamálum og nemendur taka virkan þátt í samstarfi.
Viðhorf og líðan	Skólapúlsinn Nemendakönnun	Að tryggja góða líðan, öryggi og jákvæð viðhorf nemenda til skólastarfs.	Skólapúlsinn...		Skólastjórnendur	Niðurstöður í lykilþáttum (líðan, einelti, ánægja) eru yfir landsmeðaltali eða sýna jákvæða þróun.
Viðhorf og líðan	Skólapúlsinn Foreldrakönnun	Að efla traust og ánægju foreldra með skólastarfið.	Skólapúlsinn foreldrakönnun, foreldrasamráðsfundir.			Foreldrar upplifa gott upplýsingaflæði, aðgengi að starfsfólki og traust til skólastarfs.
Viðhorf og líðan	Skólalöng nemenda	Að efla lýðræðislega þátttöku og rödd nemenda í skólastarfi.	Skólalöng, fundargerðir, eftirfylgni með tillögum nemenda.			Nemendur taka virkan þátt og tillögur þeirra hafa raunveruleg áhrif á skólastarfið.
Viðhorf og líðan	Starfsmannakönnun frá Gallup	Að stuðla að góðri líðan starfsfólks og jákvæðu starfsumhverfi.	Gallup könnun, starfsmannasamtöl, fundir.	Árlega	Skólastjórnendur	Starfsánægja mælist góð og þróun jákvæð milli ára.
Gæði kennslu	Innlit í kennslustundir	Að efla faglega kennslu sem styður við nám allra nemenda.	Innlit í kennslustundir, endurgjöf til kennara, matsfundir.	Allt skólaárið		Kennsla einkennist af skýru skipulagi, fjölbreyttum aðferðum og virkri þátttöku nemenda.

Námsárangur nemenda	Matsferill – Lesfimi og próf	Að bæta námsárangur og tryggja framfarir allra nemenda.	Lesfimi, stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði.	Reglulega yfir skólaárið	Kennarar og skólastjórnendur	Nemendur sýna framfarir í samræmi við viðmið og sem flestir ná hæfniviðmiðum.
Réttindaskóli UNICEF	Réttindi barna	Að tryggja að réttindi barna séu virt í öllu skólastarfi.				Nemendur þekkja réttindi sín og þau endurspeglast í daglegu starfi skólans.
Heilsueflandi grunnskóli	Heilsa og vellíðan	Að efla líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks				Nemendur og starfsfólk sýna aukna vitund og þátttöku í heilsueflandi verkefnum.
Grænfánaskóli	Umhverfismennt	Að efla umhverfisvitund og sjálfbæra hegðun nemenda.	Verkefnavinna, sjálfsmat, skráningar og þátttaka í verkefnum.			Nemendur taka virkan þátt í umhverfisverkefnum og sýna ábyrgð í umgengni og neyslu.

Kafli 4 Greinargerð um innra mat

Helstu niðurstöður innra matsins

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats Engjaskóla á skólastarfinu. Matið byggir á fjölbreyttum gögnum sem safnað var yfir skólaárið, m.a. með innliti í kennslustundir, matsfundum kennara og stjórnenda, viðhorfskönnunum meðal nemenda, foreldra og starfsfólks, sem og mælingum á námsárangri.

Lagt var mat á gæðaviðmið um skólastarf, gæði kennslu, námsárangur nemenda og viðhorf og líðan helstu hagsmunaaðila. Markmið matsins er að draga fram styrkleika í starfi skólans og greina tækifæri til umbóta til að styðja áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Kafli 4.1 Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Á síðasta skólaári voru sameiginlegar áherslur hjá skólum í Austur á gæðaviðmiðum sem skilgreind eru í kaflanum um Skipulag náms og kaflanum um Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.

2.4 Nám og kennsla - Skipulag náms

Kennarar/kennarateymi vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/ eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli. Hlúð er að sköpunarþörf nemenda. Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám, vellíðan og farsæld nemenda í skólanum. Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu. Stjórnendur hlusta eftir röddum grenndarsamfélagsins og leitast við að auka áhrif þeirra í stefnumótun og ákvarðanatöku. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess í stefnumótun skólans. Foreldrar taka virkan þátt í að byggja upp gott skólastarf og skapa jákvæðan skólabrag. Markviss samskipti eru við önnur skólastig, frístundastarf og grenndarsamfélag.

Niðurstöður

Styrkleikar

Gæðaviðmið sem fengu matið mjög gott og flokkast því sem styrkleiki skólans

2.4 Skipulag náms

- 2. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu í teymisvinnu.
- 3. Teymiskennsla er markvisst nýtt til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
- 4. Samþætt og heildstæð verkefni eru reglulegur þáttur í námi nemenda.
- 6. Fjölbreytileiki er virtur og mismunandi hæfileikum nemenda og einkennum haldið á lofti.
- 7. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.
- 9. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.
- 10. Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- 12. Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms eða samvinnu í námi.
- 13. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

- 1. Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
- 2. Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- 3. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.
- 4. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun eða skólanámskrá.
- 5. Stjórnendur efna reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
- 6. Skólastjóri kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag sbr. reglugerð.
- 7. Foreldrum er markvisst kynnt stöðþjónusta skólans og sveitarfélagsins og áherslur sem kom fram í Lögum um farsæld og Menntastefnu 2030.
- 8. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.
- 9. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
- 10. Samstarf við önnur skólastig er skráð í skólanámskrá og /eða starfsáætlun.
- 11. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir.
- 12. Skólaráð fundar reglulega og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.
- 13. Markvisst samstarf er um frístundastarf og/eða starfsemi félagsmiðstöðvar.

Tækifæri til umbóta

Gæðaviðmið sem fengu matið ábótavant og flokkast því sem tækifæri til umbóta

2.4 Skipulag náms

- 11. Formlegt leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans
- 14. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum og nýta þau.
- 15. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýninn og ábyrgan hátt.

Kafli 4.2 Gæði kennslu

Hvaða aðferðir voru nýttar til að meta gæði kennslu

Gæði kennslu voru metin með reglulegu innliti í kennslustundir þar sem horft var til skipulags kennslu, fjölbreytni aðferða, virkni nemenda og námsumhverfis. Einnig voru haldnir matsfundir þar sem kennarar og stjórnendur rýndu í framkvæmd kennslunnar og miðluðu reynslu sín á milli.

Endurgjöf til kennara var lykilþáttur í ferlinu og nýttist til að styðja við faglega þróun og bæta gæði kennslu til lengri tíma.

Niðurstöður

Styrkleikar

Flestir þættir í 2.4. Skipulag náms komu vel út í innliti og eins í samtali við kennara.

Tækifæri til umbóta

11. Formlegt leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.

Flestir kennarar meta það þannig að það má bæta þennan þátt með því að skipuleggja óformleg samtöl við nemendur til að hvetja þá til að ná betri námsárangri í einstaka þáttum námsins. Nýta t.d. þrjár stjórnur og ein ósk.

Kafli 4.3 Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Við mat á námsárangri nemenda voru notuð fjölbreytt matstæki sem veita yfirsýn yfir stöðu og framfarir nemenda. Þar má nefna lesfimi, stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði, auk reglulegrar eftirfylgni kennara með námi nemenda.

Gögnin voru nýtt til að meta hvort nemendur náí hæfniviðmiðum og til að styðja við markvissa kennslu og einstaklingsmiðaða eftirfylgni.

Matsferill

Stöðu- og framvindupróf eru tekin í stærðfræði og lesskilningi. Skólinn var yfir meðaltali í stærðfræði í 4.-7. bekk. Skólinn var yfir meðaltali í lesskilningi í 4.-6. bekk og aðeins undir meðaltali í 7. bekk. Stjórnendur, stoðþjónusar og umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður og greina hvað er til úrbóta. Foreldrar eru upplýstir um íhlutun einstaka nemenda. Umsjónarkennarar rýna til gagns og huga að kennsluþáttum og einstaka þáttum sem koma ekki nógu vel út fyrir árganginn með það í huga að bættum kennsluháttum.

Lesfimi

Í Engjaskóla er unnið út frá Læsisstefnu grunnskólanna í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Lestrarkennsla í 1.-7. bekk tekur til allra þátta læsis. Niðurstöður úr lesfimi MMS voru nýttar til utanumhalds um framfarir nemenda og gripið inn í þar sem við átti. Sérkennsla, fjölbreytt og áhugaverð lestrarverkefni, markvissari lestrarkennsla og utanumhald um árangur skilar árangri nemenda í lesfimiþrófum. Inngrip voru mismikil og stóðu yfir í mislangan tíma. Niðurstöður lesfimi voru rýndar af deildarstjóra stoðþjónustu, stoðkennurum og umsjónarkennurum. Niðurstöður eru ræddar á árgangafundum með umsjónarkennurum í 1.-7. bekk. Stoðþjónustan útbýr sérstök námskeið í samstarfi við nemanda, umsjónarkennara og foreldra/forráðamenn. Stoðþjónustan og umsjónarkennarar sjá um eftirfylgni með þessum námskeiðum.

Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf sem nemendur taka í 3.-7. bekk. Hér má sjá niðurstöður úr prófi 1 sem er tekið á hausti og próf 2 sem tekið er á vorin. Ef heildarprósentan nær ekki 100% þá eru einstaklingar í árgangi sem hafa ekki þreytt prófið af einhverjum ástæðum. Kennarar úr stoðþjónustu halda utanum niðurstöður og fylja þeim eftir með íhlutun. Orðarún verður ekki nýtt sem matstæki á næsta skólaári heldur komum við til með að rýna í niðurstöður úr Stöðu- og framvinduprófinu í lesskilningi. Stefnt er á að hætta með Orðarún lesskilningsprófin á næsta skólaári þar sem stöðu- og framvinduprófin taka við.

Lesmál

Lesmál er lagt fyrir nemendur í 2. bekk í lok apríl og eru niðurstöður kynntar í upphafi skólaárs 2026. Lesmál var lagt fyrir nemendur 2. bekkjar í lok apríl 2026. Niðurstöður eru rýndar og stoðþjóstan skipuleggur íhlutun fyrir þá einstaklinga sem þurfa frekari aðsoð. Foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um hvernig barninu þeirra gekk.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Lesfimi

Nemendur í 1.-3. bekk eru undir landsmeðaltalinu.

Lagt er upp með að allir nemendur lesi heima 15 mínútur á dag til að efla læsi og lesskilning. Nemendur eru í yndislestri í umsjón umsjónarkennara daglega á miðstigi. Reynt er eftir fremsta megni að láta nemendur í 1.-2. bekk lesa daglega fyrir umsjónarkennara eða stuðningsfulltrúa.

Rýnt er í niðurstöður skimana og prófa og aðgerðaráætlun unnin út frá því. Stoðþjónustan aðstoðar umsjónarkennara við gerð á einstaklingsnámskrám og námskeiðum sem eru í boði fyrir þá nemendur sem eru vel undir viðmiðum.

Í Engjaskóla hefur skapast dýrmæt samvinna við Korpúlfa, félag eldri borgara, en þeir veita nemendum á yngsta stigi lestraraðstoð. Með reglulegum heimsóknum styðja Korpúlfar við lestrarnám barnanna, hvetja þau áfram og auka lestraráhuga þeirra.

Lestraráttak að vori, popplestur til að ýta undir áhuga nemenda á lestri.

Stöðu- og framvindupróf

Stjórnendur, stoðþjónusar og umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður og greina hvað er til úrbóta. Foreldrar eru upplýstir um íhlutun einstaka nemenda. Umsjónarkennarar rýna til gagns og huga að kennsluþáttum og einstaka þáttum sem koma ekki nógu vel út fyrir árganginn með það í huga að bættum kennsluháttum.

Kafli 4.4 Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

Skólapúlsinn:

Engjaskóli er á viðmiði eða yfir viðmiði í öllum þáttum í Skólapúlsi. Skólinn kemur mun betur út varðandi tíðni einelstis frá síðustu könnun sem er ánægjulegt. Trú á eigin námsgetu er í 5,3 hjá Engjaskóla en 4,9 hjá viðmiðunarskólum. Það má geta þess að hlutfall nemenenda með snjallsíma er hátt í Engjaskóla en símanotkun á skólatíma er undir meðaltali. Áhugi á náttúrufræði hefur aukist en við erum enn aðeins undir meðaltalinu með 4,4 en meðaltalið er í 4,6.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Úr skýrslu 2024-2025

Fá inn kynningar eða námskeið fyrir kennara til að auka færi þeirra til að kenna náttúrufræði. Reglulegir bekkjarfundir, upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar, fara reglulega yfir skólareglur, hlusta á nemendur og sýna umhyggju ef eitthvað bjátar á. Hafa námskeið eða fund með skólaliðum. Vinna markvisst með Hamingjuhópinn. Halda áfram með Frímótfjör. Minna starfsmenn á að hlusta og huga að öllum nemendum ekki aðeins umsjónarnemendum. Íslenskunámskeið í boði fyrir erlenda starfsmenn. Efla upplýsingagjöfina til nemenda og foreldra varðandi hugtakið einelti. Þessir umbótaþættir hafa sýnt áragstur og komum við til með að halda þeim áfram á næsta skólaári.

Kafli 4.5 Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir


Viðhorf og líðan starfsfólks voru metin með starfsmannakönnun þar sem horft var til starfsánægju, vinnuumhverfis, samstarfs, stuðnings stjórnenda og álags í starfi. Niðurstöður könnunarinnar eru nýttar til að bæta starfsumhverfi, efla vellíðan starfsfólks og styðja við faglega þróun innan skólans.

Starfsmannakönnun Gallup fyrir Reykjavíkurborg kom mjög vel út og ekki neinir þættir sem þarf að taka til úrbóta.

Niðurstöður

Styrkleikar

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Tækifæri til umbóta

Starfsmannakönnun Gallup fyrir Reykjavíkurborg kom mjög vel út og ekki neinir þættir sem þarf að taka til úrbóta.

Kafli 4.6 Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Viðhorf foreldra voru metin með foreldrakönnun Skólapúlsins og samráði við foreldra á fundum og í skólaráði. Þar voru metnir þættir eins og samskipti við skólann, upplýsingagjöf, traust til skólastarfs og upplifun foreldra af námi og líðan barna sinna.



Niðurstöðurnar eru mikilvægar til að styrkja samstarf heimilis og skóla og stuðla að farsæld nemenda.

Niðurstöður

Styrkleikar


Foreldrakönnunin kom mjög vel út og ekki þörf á úrbótum á næsta skólaári.

Foreldrakönnun - Engjaskóli 2025-2026



Meðaltöl - Stjórnun skólans

Skóli: Ár:
 Flokkur:



Svarhlutfall og bakgrunnur barnanna


Skóli: Ár:

94
Fjöldi svara

121
Fjöldi í úrtaki


77,7%
svarhlutfall

Kyn eins og skráð er í mentor




Athugið: Níbúrstöður eru ekki brotnar niður eftir bakgrunnsbreytum ef 5 eða færri svör eru að baki hverju svari

Skólastig eins og skráð er í mentor



Tungumála bakgrunnur skv. svörum foreldra



Tækifæri til umbóta

Í foreldrakönnuninni er skólinn yfir meðaltali í flestum þáttum.

Kafli 4.7 Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir


Engjaskóli

Í Engjaskóla er lögð mikil áhersla á nemendalýðræði, í skólanum eru nokkur ráð og hópar sem nemendur hafa tækifæri til að koma með sínar skoðanir og hugmyndir að bættu skólalastarfi. Þessi ráð eru; skólaráð, nemendaráð, réttindaráð, Frímótfjör, grænfánaráð, heilsueflandi skóli. Einu sinni á ári er skólaþing fyrir alla nemendur Engjaskóla. Formskannanir eru lagðar fyrir alla nemendur og er stefnt er að því að fá foreldra með á skólaþing í Engjaskóla á næsta skólaári.

Heilsueflandi grunnskóli

Umsjónarmenn verkefnis halda virkilega vel utanum allt sem viðkemur heilsueflandi í Engjaskóla. Skólinn hefur unnið til verðlauna í Lífshlaupinu bæði hjá nemendum og starfsfólki. Umsjónarmenn halda reglulega fundi með nemendum, upplýsir starfsfólk um heilsueflandi síður eins og hreyfisíður til að taka þátt í hreyfingu dagsins. Senda upplýsingapóst til foreldra o.fl. Búið er að útbúa heimasíðu sem er aðgengileg öllum í skólanum, nemendum, foreldrum og nemendum. Umsjónarmenn sjá einnig um Frímótfjör og hitta ákveðinn hóp nemenda úr 4.-7. bekk sem tekur þátt í að skipuleggja útileiki fyrir nemendur í frímínútum.

Staða á innleiðingu Heilsueflandi grunnskóla



Réttindaskóli UNICEF

Umsjónarmaður heldur vel utan um verkefnið. Umsjónarmaður hittir nemendur reglulega yfir skólaárið og þeir taka þátt í að taka ákvarðanir sem tengjast ráðinu. Til dæmis er búið er að skipta Barnasáttmálanum á milli árganga þannig að þegar nemandi klárar skólagöngu úr Engjaskóla hefur hann farið í gegnum alla þætti sáttmálans. Umsjónarmaður er búinn að útbúa heimasíðu með helstu upplýsingum um Barnasáttmálann og ráðið.

Niðurstöður

Styrkleikar

Verkefnin ganga mjög vel og verkefnastjórar halda vel utanum verkefnin. Verkefnastjórar búnir að útbúa heimasíður sem eru aðgengileg í gengnum heimasíðu skólans og heimasíður árganga.

Tækifæri til umbóta

Á síðasta skólaári var stefnt að því að fá fulltrúa foreldra á skólaþing og það tókst mjög vel og tóku þeir m.a. þátt í að móta málstefnu skólans. Við ætlum að halda áfram að bjóða fulltrúum foreldra á skólaþing næstu árin. Komið til framkvæmda.

Menntastefna Reykjavíkur - Félagfærni.

- Allir nemendur eru þjálfaðir markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum og samræðum
- 20. Fjölbreytt samfélagsverkefni eru unnin, t.d. umhverfisverkefni, endurvinnsla, góðgerðarverkefni, sjálfbodaliðastörf ofl
- 14. Skýr dæmi eru um að nemendur hafi áhrif á aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- 18. Nemendum er skipulega kennt að vinna samkvæmt aðferðafræði hópastarfs/samvinnu, milli árganga og/eða stiga, t.d. CLIM, púslaðferðin, samvinnunám.

Kafli 5 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun er gerð út frá BRAVOLessons þar sem nýttar eru niðurstöður úr Skólupúlsinum og hinum ýmsu formskönnunum frá starfsmönnum, nemendum og foreldrum. Í vetur er áætlað að fara markvisst í að mæla gæði kennslustunda með innliti. Á þessu skólaári voru teknar fyrir "Gæði kennslu" með höfuðáherslu á vinnuvenjur nemenda og vinnuvenjur kennara. Viðmið um innlit í kennslustundir eru unnin út frá matsramma frá Nönnu Christiansen í leiðsagnarnámi.

Sameiginlegir umbótaþættir frá skólum í Austur 2025-2026 voru "Skipulag náms og námsaðstæður" og "Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Skýrsa tekin úr BRAVOLesson og starfsáætlun.

Umbótaáætlun 2026-2029

Umbótaþáttur	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Menntastefna Reykjavíkur Félagsfærni	Allir nemendur eru þjálfaðir markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum og samræðum	Hvetja nemendur til að vera með munnleg skil og eiga í samræðum. Kennarar endurlesa kaflann 6 í Leiðsagnarnámi. Kaupa bækur á bókasafnið varðandi samræður og spurningar.	2026-2029	Skólastjórnendur	Skólupúlsinn, formskannanir, samtöl, umræður í nemendafélaginu.	Haldið skólaþing, upplestrarkeppni, Nemendur sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og samræðum t.d. í innlit stjórnenda.
	20. Fjölbreytt samfélagsverkefni eru unnin, t.d. umhverfisverkefni, endurvinnsla, góðgerðarverkefni, sjálfbodaliðastörf ofl.	Fá hugmyndir hjá nemendum á næsta skólaþingi		Skólastjórnendur, umsjónarkennarar	Framkvæma viðburð sem gæti tengst þessum þætti umbóta.	Viðburður haldinn á vegum skólans eða einstaka árganga.
	14. Skýr dæmi eru um að nemendur hafi áhrif á aðbúnað og aðstæður í skólanum.	Samvinna við foreldrafélagið um bættan aðbúnað á bókasafni. Nemendur hafðir með í ráðum varðandi hönnun. og kaup á húsgögnum fyrir bókasafnið. Brosbær einni með í ráðum		Skólastjórnendur Foreldrafélagið	Sýnileiki á bættu umhverfi á bókasafni.	Huggulegara umhverfi á bókasafni skólans
	18. Nemendum er skipulega kennt að vinna samkvæmt aðferðafræði hópstarfs/samvinnu, milli árganga og/eða stiga, t.d. CLIM, púslaðferðin, samvinnunám.	Þemadagar voru unnir út frá CLIM fjölmenningarlegu ívafi þar sem nemendur á yngsta stigi var skipt í hópa. Val á miðstigi. Þemadagar. 5. - 6. bekkur hefur unnið saman t.d. í Fimmu. Nemendur vinna mikið saman í fjölbreyttum hópum innan árganga. Haminguhópurinn. Engjaleikar, þemadagar og valið eru nemendur að blandast saman.		Skólastjórnendur Kennarar	Lesið saman bókina "Litróf kennsluáðferðarinnar" Rýnivíðtöl Samtal á kennarafundi	Allir kennarar þekki þessar aðferðir.

Umbótaþáttur	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.3. Tengsl foreldra og við aðra í skólasamfélaginu	Halda áfram að styrkja tengsl við foreldrasamfélagið og eins við grenndarsamfélagið	Funda reglulega með foreldrafélaginu, halda sameiginlega vorhátíð, útbúa farsældarsáttmála í öllum árgöngum. Það er fulltrúi frá Gufunesbæ í skólaráði. Samráð er haft við Fjölni í einstaka nemendamálum. Halda áfram að fá lestrarvini frá Korpúlfum eins og gert hefur verið síðan skólinn var stofnaður.	2026-2029	Skólastjórnendur	Foreldrakönnunum í Skólapúlsio g Gallup	Viðmið um árangur er metinn eftir niðurstöðum úr foreldrakönnunum

Umbótaþáttur	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.4. Skipulag náms	11. Formlegt leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.	Umsjónarkennarar stefna á að huga að samtali við nemanda um námsframvindu tvisvar á ári.	2026-2029	Umsjónarkennarar Skólastjórnendur	Rýniviðtöl við kennara og nemendur.	Nemandi fær stutt viðtal við kennarann sinn um námsframvindu. Námsárangur og námsánægja eykst.
	14. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum og nýta þau.	Hjálpast að við að útbúa námsgögn og hafa verkefni aðgengileg.		Skólastjórnendur Kennarar Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.	Fylgjast með útgáfu námsbóka. Rýniviðtöl við kennara.	Nægt námsefni í boði.
	15. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýnninn og ábyrgan hátt.	Unnið að þessum þáttum í öllum fögum skólans		Stjórnendur Kennarar	Innliti í kennslustund	Sýnilegt í innliti að nemendur séu færir til að afla upplýsinga og meta og vinna með þær á gegnrýnninn hátt.

Stefnumótun	Markmið	Leið	Viðmið árangur	Tímabil	Ábyrgð
Mannauður					
Starfsandi/velliðan	Að auka ábyrgð hvers og eins á eigin líðan í starfi	Meiri tími til samveru á ýmsan máta, faglegan og félagslega styrkjandi	Góð líðan allra og góður starfsandi sem byggir á virðingu og trausti manna á milli	Alltaf	Skólastjórnendur og allt starfsfólk
Skólabragur	Að efla og festa í sessi góðan skólabrag	Mánaðarkaffi á kaffistofu. Sjálfboðaliðar sem sjá um að gera huggulegt á kaffistofu, kaffispjall	Góður skólabragur	Alltaf	Skólastjórnendur
Starfsmannasamtöl	Að auka skilvirkni starfsmannasamtala	Hafa starfsþróunarsamtöl á vorönn	Árangursríkari samtöl	Alltaf	Skólastjóri
Viðverusamtöl	Að auka líkur á betri líðan í starfi og þar með betri viðveru	Kalla fólk til samtals þegar viðmiðum um fjarveru er náð. Bradfordkvarði	Betri viðvera og betri líðan í starfi og á starfstað	Alltaf	Skólastjóri
Fagmennska kennara	Að auka fagvitund sérhvers kennara	Viðhalda þróun á teymiskennslu, leiðsagnarnámi og fjölbreyttum kennsluaðferðum, Uppeldi til ábyrgðar og festa í sessi starfendatengda hugsun.	Metnaðarfullri og ánægðari kennarar	Alltaf	Skólastjórnendur
Fagmennska alm. starfsmanna	Að auka fagvitund sérhvers starfsmanns	Meiri símenntun sem hæfir daglegum verkefnum, s.s. betri skilningur á ýmsum greiningum o.fl. Íslenskukennsla fyrir starfsmenn	Metnaðarfullri og ánægðari starfsmenn	Alltaf	Skólastjórnendur
Uppbrot/gaman saman	Að nemendur og fullorðnir geri sér glaðan dag og leiki sér saman	Uppbrot í dagsparta í samvinnu við Kátínu.	Betri skólabragur	Alltaf	Skólastjórnendur
Skólastarf					
Ábyrgð og þátttaka/Nemendalýðræði	Auka vægi nemenda á eigin námi og félagslífi	Samvinna við Vígyn. Efla nemendafélag. Hafa skólaþing í Engjaskóla einu sinni á ári. Halda áfram starfi Réttindaráðs, Heilsueflandi grunnskóli, Grænfánaverkefni, FrímóFjör	Viðmið um lýðræðis-þátttöku nemenda í eigin skólagöngu	Alltaf	Skólastjórnendur
Árangur náms/Læsi	Að festa Læsisfimmuna í sessi, efla lesfimi. Efla almennt læsi nemenda. Rýna til gagns þau próf sem lögð eru fyrir í skólanum t.d. lesfimiþrófin, Orðarún.	Samvinna við kennara stjórnendur fundi reglulega með árgöngu. Nýta niðurstöður úr lesfimi til að fara í íhlutun. Reglulegir fundir hjá stoðþjónustu og umsjónarkennurum. Auka hreyfingu og leik í skólastarfi, samvinna við hverfabókasafn, læsisátak í skóla einu sinni fyrir jóla og einu sinni eftir jóla,	Auka lesfimi og lesskilning barna	Alltaf	Skólastjórnendur
Skólabragur	Að skapa jákvætt	Vera í samstarfi við	Að skólabragurinn	Alltaf	Skólastjórnendur og allt

	og uppbyggjandi andrúmsloft í skólanum þar sem nemendum líður vel	félagsmiðstöðina Vígyn og frístundaheimilið Brosbæ. Halda reglulega samveru á sal, leiðsagnarnám bætir skólabrag, teymiskennsla, vinabekkir.	verði jákvæður og nemendum líði vel samkvæmt könnunum sem gerðar eru árlega í skólanum Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum		starfsfólk skólans
Verklag					
Innra mat	Að meta einstaka þætti í skólastarfinu með umbætur í huga. Notast við Bravo Lesson til að halda utan um matið. Samvinna í innleiðingu á innra mati við alla skólana í Austurmiðstöð og SFS	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar, viðhorfakönnun send á foreldra, Skólapúlsinn, tengslakannanir, námsmat o.fl. Innlit í kennslustundir. Rýna reglulega í niðurstöður og framkvæma aðgerðir eftir þörfum. Vinna með þau viðmið sem eru í innleiðingarferli og samstarfi við skólana tengda Austurmiðstöð	Jákvætt viðhorf til skólastarfsins. Bættur námsárangur nemenda, gæði kennslustunda	Alltaf	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri
Skilvirkni funda	Að auka skilvirkni funda og þátttöku/ábyrgð allra fundarmeðlima. Festa í sessi lausnateymisfundi í samvinnu við Austurmiðstöð	Vel skipulagðir/auglýstir fundir. Hægt að hafa fjarfundi oft. Festa niður reglulega fundartíma.	Sameiginleg ábyrgð starfsmanna á samvinnu	2023-2026	Skólastjórnendur
Tengsl við foreldrafélag/bekkjjarfulltrúa	Að virkja samstarfsáætlun skóla og skólaforeldra	Festa í sessi samvinnuverkefni	Meiri samábyrgð og traust milli skóla og heimila	2023-2029	Skólastjórnendur og stjórn foreldrafélagsins
Fjármál					
Nýting fjármagns/aukin gæði skólastarfs	Áframhaldandi góð nýting fjármagns skólans til betra skólastarfs	Greinargóð fjárhagsáætlun og viðmið	Að rekstur sé innan fjárheimilda	Alltaf	Skólastjóri